



Landsvirkjun

Samfélagsábyrgð Landsvirkjunar

Stefna og áherslur 2016

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	5
Formáli	6
Samfélagsábyrgð Landsvirkjunar	7
– Meginflokkar samfélagsábyrgðar Landsvirkjunar	10
– Samskipti við hagsmunaaðila	11
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	11
Virðiskeðjan	11
– Verkefni 2016	11
Lof tslagsbreytingar og umhverfisáhrif	12
– Umhverfisstefna	12
– Upplýsingar úr Grænu bókhaldi Landsvirkjunar 2016	13
– Upplýsingagjöf til CDP	13
Fólkið	13
– Mannauðsstefna Landsvirkjunar	14
– Yfirlit yfir starfsmenn Landsvirkjunar 2016 (GRI 405–1)	15
– Frammistaða í öryggismálum 2016 (GRI 403–2)	15
– Verkefni 2016	15
Miðlun þekkingar	16
– Verkefni 2016	17
Önnur markverð samfélagsverkefni	17
– Góðir stjórnarhættir í virðiskeðjunni	17
Sjálfbærni samfélaga	18
– Verkefni 2016	18
Áherslur 2017	18
Yfirlit yfir viðmið UN Global Compact og GRI sjálfbærnivísa	19

Ávarp forstjóra

Landsvirkjun vill vera í fararbroddi þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja á Íslandi. Við erum stolt af árangri síðastliðinna ára í þeim efnum og munum halda áfram að styrkja stöðu fyrirtækisins í málaflokknum.

Landsvirkjun hefur verið aðili að UN Global Compact verkefni Sameinuðu þjóðanna síðan 2013. Auk stuðnings okkar við UN Global Compact höfum við ákveðið að innleiða valin markmið úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem samþykkt voru árið 2015. Landsvirkjun mun leggja áherslu á þrjú af Heimsmarkmiðunum sem falla vel að áherslum fyrirtækisins. Það eru markmið um loftslagsmál, sjálfbæran orkuiðnað og jafnréttismál, sem öll styðja við núverandi vinnu Landsvirkjunar við þessa málaflokka.

Í framhaldi af Parísarsamkomulaginu 2015 hafa loftslagsmál verið ofarlega á baugi. Í samræmi við skuldbindingar sínar skilaði Landsvirkjun í fyrsta skipti inn upplýsingum til CDP samtakanna (Carbon Disclosure Project – Kolefnislosunarverkefnisins) og fékk endurgjöf á stöðu fyrirtækisins. Við

munum taka þær athugasemdir til greina svo að við getum náð enn betri árangri í loftslagsmálum.

Við höldum áfram að vinna að jafnrétti kynjanna. Til að ná settum markmiðum leggjum við aukna áherslu á málaflokkinn, meðal átaksverkefna á árinu var stuðningur Landsvirkjunar við nýtt félag kvenna í orkumálum.

Samfélagsleg ábyrgð Landsvirkjunar felst í því að skapa arð, fara vel með auðlindir og umhverfi og stuðla að því að þekking og jákvæð áhrif af starfsemi fyrirtækisins skili sér til samfélagsins. Við höfum mikilvægu hlutverki að gegna. Innan fyrirtækisins er nú unnið að nýjum áherslum með einföldun og gagnsæi að leiðarljósi. Við stefnum áfram að því að efla samskipti við hagsmunaaðila okkar og skapa þannig sátt um starfsemi okkar.

Virðingarfyllt,



Hörður Arnarson, forstjóri.



Formáli

Fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu okkar. Með því að tileinka sér stefnu um samfélagsábyrgð skuldbinda fyrirtæki sig til að huga að umhverfis- og samfélagsmálum samhliða efnahagsmálum. Það felur í sér góð tengsl við hagsmunaaðila og vilja fyrirtækja til að móta stefnur og athafnir sínar í sátt við umhverfi sitt. Ávinningurinn er augin sátt um starfsemi fyrirtækisins, betri sýn á áhættuþætti og leiðir til nýsköpunar, sterkari fyrirtækjamenning svo fátt eitt sé nefnt.

Íslenskt viðskiptaumhverfi er á margan hátt sérstakt og þegar litið er til umhverfis- og samfélagsmála njóta Íslendingar ákveðinnar sérstöðu þar sem stærstur hluti af raforku landsins er unninn úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Ísland býr einnig að sterkum grunnstöðum, eins og háu menntunarstigi, sterku velferðarkerfi,

virku starfi í þágu jafnréttis kynjanna og öflugum nýsköpunargeira. Það er mikilvægt að hafa þessa sérstöðu Íslands í huga þegar áherslur samfélagsábyrgðar eru ákvarðaðar, bæði innan fyrirtækja og þegar litið er til stefnu stjórnvalda í málaflokknum.

Aðstæður íslenskra fyrirtækja hafa breyst mikið á undanförunum árum. Með aukinni alþjóðavæðingu er nauðsynlegt að fylgja betur eftir áhrifum íslenskra fyrirtækja utan landsteinanna. Við fyrstu sýn teljast áhrifin ef til vill ekki mikil en þegar einstakir birgjar og samstarfsaðilar eru skoðaðir geta margvíslegir áhættuþættir komið í ljós. Á erlendum mörkuðum er þess krafist í auknum mæli að fyrirtæki greini slík áhrif á umhverfi og samfélög og eru íslensk fyrirtæki farin að láta þar til sín taka í auknu mæli.



Samfélagsábyrgð Landsvirkjunar

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Öll starfsemi fyrirtækisins miðar að því að uppfylla þetta hlutverk. Við þá vinnu eru gildin okkar, framsækni, ráðdeild og traust, höfð að leiðarljósi bæði við þróun nýrra verkefna og rekstur núverandi stöðva.

Hugtakið samfélagsábyrgð er fremur nýlegt í íslensku viðskiptalífi þó að erlendis hafi það verið hluti af starfsemi fyrirtækja um nokkurt skeið. Á sinn hátt hefur Landsvirkjun haft samfélagsábyrgð að leiðarljósi allt frá upphafi, til að mynda með uppgræðslu á Heklusvæðinu í nágrenni Búrfellsstöðvar, fyrstu stórframkvæmdar fyrirtækisins. Formleg vinna Landsvirkjunar að stefnu um samfélagsábyrgð hófst árið 2008 og kom stöðuskýrsla um málaflokkinn út árið 2009, sem bar heitið

Grunnur að nútíma lífsgæðum. Árið 2011 samþykkti Landsvirkjun nýja stefnu um samfélagslega ábyrgð. Markmið stefnunnar er að auka jákvæð áhrif fyrirtækisins á hagsmunaaðila og lágmarka neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Landsvirkjun hefur leitast við að vera í fararbroddi íslenskra fyrirtækja við innleiðingu á stefnu um samfélagsábyrgð. Við erum á meðal stofnenda Festu, íslenskrar miðstöðvar um samfélagsábyrgð og erum aðili að UN Global Compact, verkefni Sameinuðu þjóðanna. Með aðild skuldbindum við okkur til að innleiða tíu viðmið verkefnisins um umhverfismál, mannréttindamál, vinnuréttarmál og varnir gegn spillingu. Síðastliðin tvö ár hefur fyrirtækið gefið út framvinduskýrslur sem gera skil á vinnu að viðmiðunum tíu. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vefsíðu UN Global Compact, www.unglobalcompact.org




Áherslan í þessari skýrslu er hins vegar ný. Í stað þess að gefa út sérstaka framvinduskýrslu fyrir UN Global Compact er nú lögð áhersla á heildarsýn samfélagsábyrgðar Landsvirkjunar sem einnig skýrir framfarir í vinnu sem snýr að viðmiðunum tíu.


Stjórn Landsvirkjunar og forstjóri bera ábyrgð á innleiðingu stefnu fyrirtækisins um samfélagsábyrgð. Verkefnastjóri samfélagsábyrgðar hefur

daglega umsjón með þeim verkefnum sem skilgreind eru innan málaflokksins. Í ljósi þess hversu víðtæk starfsemi Landsvirkjunar er og snertifletir við samfélagið eru margir þá dreifist ábyrgð innleiðingar stefnunnar einnig á aðrar starfseiningar. Fyrir einstaka áherslur og verkefni eru sértækir vinnuhópar stofnaðir og gera þeir skil á vinnu sinni til framkvæmdastjórnar þar sem viðeigandi ákvarðanir eru teknar.

Saga samfélagsábyrgðar Landsvirkjunar

Samfélagsábyrgð hefur marga snertifleti. Hér gefur að líta sögulegt yfirlit yfir helstu atburði í málaflokknunum frá stofnun fyrirtækisins árið 1965.





Meginflokkar samfélagsábyrgðar Landsvirkjunar

Nálgun Landsvirkjunar á samfélagsábyrgð tók upphaflega mið af ISO 26000 staðlinum. Í framhaldi af vinnu innan fyrirtækisins, sem og samtölum við hagsmunaaðila, voru sex meginflokkar valdir sem mynda kjarnann í stefnu fyrirtækisins um samfélagsábyrgð. Þeir eru stjórnarhættir, virðiskeeðjan, umhverfið, samfélagið, mannauðurinn og miðlun þekkingar. Þó svo að stjórnarhættir séu skilgreindir sem sérstakur áhersluflokkur þá er hann þess eðlis að hann snertir alla hina flokkana. Í samræmi við það eru sértæk markmið fyrir flokkinn stjórnarhætti ekki sett árlega líkt og í hinum flokkunum. Á síðastliðnum árum hefur margvísleg vinna átt sér stað innan flokkanna sex og árlega eru ný markmið sett fram og birt á vefsíðu Landsvirkjunar.

Til að styðja við samfélagsábyrgð Landsvirkjunar hafa verið þróaðar margvíslegar stefnur og viðeigandi ferlar. Stefnurnar eru birtar opinberlega til að auka skilning hagsmunaaðila á starfsemi fyrirtækisins og stuðla að virkari samskiptum þar á milli.

Helstu stefnur sem snerta samfélagsábyrgð Landsvirkjunar

- > Umhverfisstefna
- > Mannauðsstefna
- > Siðareglur Landsvirkjunar
- > Kröfur til verktaka og þjónustuaðila varðandi umhverfis- og öryggismál
- > Siðareglur birgja Landsvirkjunar
- > Stefna um heilindi í viðskiptum
- > Jafnréttisstefna Landsvirkjunar

Samskipti við hagsmunaaðila

Regluleg samskipti við hagsmunaaðila eru mikilvægur þáttur í starfsemi okkar. Með opnum og gagnsæjum samskiptum fáum við tækifæri til að koma okkar skilaboðum á framfæri og, það sem mikilvægara er, við fáum álit almennings á starfsemi okkar. Þessi samskipti fara fram á ólíkum vettvangi, allt frá samtölum við einstaklinga upp í stærri og skipulagðari fundi. Einnig er stuðst við viðhorfskannanir til að meta frammistöðu fyrirtækisins og afstöðu almennings til þess.

Framundan er frekari vinna við að innleiða ferla fyrir endurgjöf hagsmunaaðila þannig að hún nýtist sem best við þróun stefnu Landsvirkjunar um samfélagsábyrgð.

Helstu hagsmunaaðilar Landsvirkjunar

Samfélög í kringum aflstöðvar Landsvirkjunar

Allar aflstöðvar Landsvirkjunar vinna eftir samskiptaáætlunum. Með skipulagðri vinnu á þessu sviði má koma til móts við ólíkar þarfir hagsmunaaðila um upplýsingagjöf.

Starfsfólk

Mánaðalega er haldinn starfsmannafundur sem allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í. Fundurinn er sendur í beinni útsendingu á netinu frá höfuðstöðvum okkar á Háaleitisbraut á allar starfsstöðvar víðsvegar um landið. Á fundinum geta starfsmenn komið á framfæri ábendingum um starfsumhverfi sitt, stefnur og áherslur fyrirtækisins hverju sinni.

Stjórnvöld / Eigandi

Stjórn Landsvirkjunar er skipuð af fjármálaráðherra til eins árs í senn. Regluleg samskipti eiga sér stað á milli framkvæmdastjórnar, forstjóra Landsvirkjunar og stjórnvalda, m.a. í formi mánaðarlegra skýrsla frá stjórnarfundum.

Birgjar og samstarfsaðilar

Landsvirkjun gerir skýra kröfu í samningum sínum að birgjar og samstarfsaðilar virði siðareglur fyrirtækisins og vinni í samræmi við skuldbindingar Landsvirkjunar á sviði umhverfis- og samfélagsmála. Það fer eftir umfangi viðskipta og ólíku samstarfi við birgja og samstarfsaðila hvernig samráði og endurgjöf er háttað.

Viðskiptavinir


Öflug samskipti milli Landsvirkjunar og viðskiptavina hennar eru grunnforsenda fyrir góðu samstarfi þar sem hagsmunir beggja aðila eru virtir.

Almenningur

Lögð er áhersla á fjölbreyttar leiðir til opinna samskipta við almenning. Má þar nefna opna fundi, samfélagsmiðla, gestastofur og heimsóknir til fyrirtækisins.

Orkugeirinn

Samtal við aðra aðila orkugeirans á sér m.a. stað í gegnum Samorku, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Margvíslegar ráðstefnur og samkomur eru haldnar á vegum samtakanna. Forstjóri Landsvirkjunar á sæti í stjórn Samorku.



Opin og gagnsæ samskipti

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu þjóðarinnar og gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Við leggjum áherslu á að miðla upplýsingum til almennings og skapa umræður og vettvang fyrir sjónarmið og hagsmuni þeirra sem starfsemin hefur áhrif á.

Stefna okkar um samskipti er að skapa stuðning og samstöðu með opnum samskiptum við hagsmunaaðila. Við viljum auðvelda fólki að kynna sér fyrirtækið og koma áleiðis ábendingum um hvað megi betur fara.

Samskiptaleiðir Landsvirkjunar:

- > Opnir fundir
- > Gestastofur
- > Heimsóknir
- > Vísindaferðir
- > landsvirkjun.is
- > Sérvefir um umhverfismat virkjunarkosta
- > Ársskýrslur og annað útgefið efni
- > Samfélagsmiðlar



Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Undir lok árs 2015 voru 17 Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, hin svokölluðu Heimsmarkmið, samþykkt fyrir öll 193 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Markmiðin 17 hafa 169 undirmarkmið og gilda til ársins 2030. Þau markmið sem falla vel að íslenskum aðstæðum eru markmiðin um sjálfbæra orku, nýtingu lands og hafs og jafnrétti kynjanna. Athygli vekur að markmiðin, ásamt pólitískri yfirlýsingu og áætlun um framkvæmd og eftirfylgni, kveða sterkar að orði en áður hefur náðst samstaða um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Það eru fyrst og fremst ríki heims sem ber að leggja línurnar að því hvernig markmiðunum verði náð. Hvert ríki getur lagt áherslu á þau markmið sem falla best að fyrirbyggjandi stefnum og haft markmiðin í huga við setningu nýrra laga og við

stefnumótun. En það eru ekki aðeins stjórnvöld sem bera ábyrgð heldur samfélagið allt. Miklar væntingar eru til fyrirtækja um að leggja sitt af mörkum til að markmiðin náist. Fyrirtæki geta valið þau markmið sem falla best að starfsemi þeirra og þar sem þau geta haft sem mest áhrif. Aðrir hópar samfélagsins, svo sem félagasamtök og einstaklingar, geta einnig lagt sitt af mörkum á margvíslegan hátt.

Landsvirkjun mun leggja áherslu á þrjú af Heimsmarkmiðunum sem falla vel að áherslum fyrirtækisins en þau eru markmiðin um loftslagsmál (verndun jarðar), sjálfbæra orkuframleiðslu og jafnréttismál. Þessi alþjóðlegu markmið munu styðja við núverandi vinnu Landsvirkjunar í þessum málaflokkum.

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Virðis_keðjan

Landsvirkjun hefur lagt aukna áherslu á að meta samfélagsleg áhrif af virðis_keðju sinni, sem tekur til fyrirtækja á Íslandi og erlendis. Megináhersla er lögð á eftirfarandi flokka:

- > Aðilar sem vinna óbeint fyrir Landsvirkjun svo sem verktaka, undirverktaka, starfsmenn starfsmannaleiga o.s.frv.
- > Birgjar og þjónustuaðilar Landsvirkjunar, innanlands sem utan, sem selja fyrirtækinu vörur eða þjónustu.
- > Samstarfsaðilar Landsvirkjunar og viðskiptavinir.

Árið 2015 hóf Landsvirkjun innleiðingu á siðareglum fyrir birgja og þjónustuaðila. Siðareglurnar segja frá því til hvers er ætlast þegar kemur að heilbrigðum starfs- og stjórnaðráttum. Þær taka á málum sem lúta að hagsmunaárekstrum, siðferði í viðskiptum, vinnu barna og fleiru. Við gerð siðareglanna var tekið mið af siðareglum starfsmanna Landsvirkjunar sem og viðmiðum UN Global Compact. Siðareglur birgja eru aðgengilegar á vefsíðu Landsvirkjunar.

Verkefni 2016

Græn skref

Á árinu 2016 náði Landsvirkjun að uppfylla fyrsta skrefið af fjórum í Grænum skrefum Umhverfisstofnunar. Í því felast ýmsar aðgerðir til að draga úr soun auðlinda og gera skrifstofustarfsemi umhverfisvænni.

Reglur um keðjuábyrgð

Í ágúst 2016 samþykkti stjórn Landsvirkjunar reglur um keðjuábyrgð. Markmið reglnanna er að tryggja að allir þeir sem vinna fyrir Landsvirkjun á óbeinan hátt (hjá verktökum, undirverktökum eða starfsmannaleigum) njóti réttinda og kjara í samræmi við lög og kjarasamninga. Áður en reglur um keðjuábyrgð voru innleiddar bar mótaðilum að fara eftir lögum og samningum sem gilda á vinnumarkaði, en með nýju reglunum er ábyrgðin skilgreind nánar. Landsvirkjun fær þar með frekari úrræði til að framfylgja reglunum, þar sem viðurlög eru við broti á þeim.

Kortlagning virðis_keðju

Til þess að fá betri yfirsýn yfir samfélagsleg áhrif birgja sinna hefur Landsvirkjun hafið kortlagningu á þeim. Þessi vinna er umfangsmikil og mismunandi eftir birgjum hversu aðgengilegar viðeigandi upplýsingar eru. Vinnan mun halda áfram við verkefnið á árinu 2017.

Loftslagsbreytingar og umhverfisáhrif

Landsvirkjun leggur ríka áherslu á að vinna orku með sjálfbærum hætti í sátt við umhverfi og samfélag. Við höfum sett okkur markmið í loftslagsmálum og við vinnum okkar í málaflokknum lítum við til alþjóðlegra samtaka og staðla til þess að finna leiðir að frekari umbótum og árangri.

Í framhaldi af Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í lok árs 2015 skrifaði Landsvirkjun undir yfirlýsinguna Caring for Climate. Með yfirlýsingunni skuldbindum við okkur til að verða kolefnishlutlaust fyrirtæki fyrir árið 2030. Landsvirkjun var einnig meðal þeirra fyrirtækja sem skrifaði undir yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum, en alls undirrituðu 104 fyrirtæki og stofnanir yfirlýsinguna.

Hér á eftir er frammistöðu Landsvirkjunar í umhverfismálum 2016 gerð skil. Skoðaðir verða þeir þættir sem snerta á loftslagsmálum og vísunum í alþjóðlega sjálfbærnivísa GRI. Öðrum þáttum eru gerð skil í ársskýrslu Landsvirkjunar 2016 sem er aðgengileg á vef fyrirtækisins.

Umhverfisstefna

Landsvirkjun er í fararbroddi á sviði umhverfismála og stuðlar að sjálfbærri þróun í samfélaginu. Fyrirtækið leggur áherslu á að þekkja áhrif af starfsemi sinni og leitast við að draga úr þeim.

Markmið með umhverfisstefnu eru:

- > Betri nýting auðlinda
- > Kolefnishlutlaus starfsemi
- > Starfsemi í sátt við náttúru og ásýnd
- > Samtal við hagsmunaaðila
- > Starfsemi án umhverfisatvika



Upplýsingar úr Grænu bókhaldi Landsvirkjunar 2016

Raforkuvinnsla fyrirtækisins var 13.411 GWst árið 2016 eða um 73% allrar raforkuvinnslu á Íslandi. Hlutfallsleg skipting orkuvinnslunnar var 96% vatnsorka, 4% jarðvarmaorka og 0.04% vindorka.


Yfirlit yfir kolefnislosun (GRI 305–1,2)

Heildarkolefnislosun Landsvirkjunar árið 2016 var 48 þúsund tonn CO₂ ígildi. Kolefnislosun orsakast af eftirfarandi þáttum, raðað eftir vægi:

- > Jarðvarmavirkjanir (67%)
- > Vatnsaflsvirkjanir (31%)
- > Brennsla eldsneytis (farartæki, vélar o.s.frv.), urðun úrgangs og losun á SF₆ gasi frá rafbúnaði (um 2%)

Ítarlegri upplýsingar um kolefnislosun Landsvirkjunar árið 2016 má finna í ársskýrslu fyrirtækisins 2016.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Landsvirkjunar árin 2012–2016 eftir uppsprettum losunar.



Mótvægisáðgerðir fyrir kolefnislosun (GRI 305–5)

Landsvirkjun vinnur að umfangsmikilli landgræðslu og skógrækt í nágrenni aflstöðva sinna og vinnur að bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Landsvirkjun jafnar auk þess losun koltvísýrings frá brennslu eldsneytis og förgunar úrgangs í samstarfi við Kolvið.

Heildarkolefnisbinding Landsvirkjunar er metin á 22.000 tonn auk 1001 tons CO₂ ígilda sem bundin eru á vegum Kolviðs. Þegar tillit hefur verið tekið til kolefnisbindingar er heildarkolefnisspor Landsvirkjunar því rúm 25 þúsund tonn CO₂ ígilda.

Sérstök verkefni í uppgræðslu og skógrækt 2016

Meðal verkefna í uppgræðslu og skógrækt árið 2016 má nefna eftirfarandi:

- Á árinu hóf Landsvirkjun uppgræðslu innan Hólasandsgirðingar við Þeistareyki með aðstoð Landgræðslunnar og samkvæmt samkomulagi við Þingeyjarsveit.
- Samningur var gerður til þriggja ára við Skógræktina um Skarfanes í Landsveit og Landgræðsluna um uppgræðslu allt að 500 ha í landi Kots/Steinkross í Rangárþingi Ytra.
- Skálmholtshraun í Flóa verður nýtt að hluta til skógræktar og verið er að festa þá ákvörðun í aðal-skipulagi.
- Aukin skógrækt hefur verið undirbúin við Blöndustöð í landi Eiðsstaða.


Orkunotkun (GRI 302–1)

Orkutap og eigin orkunotkun aflstöðva Landsvirkjunar nam samanlagt 120 GWst árið 2016 sem er um 1% af heildarraforkuvinnslu. Að langstærstum hluta er um eigin notkun í aflstöðvum að ræða. Hlutfall orkutaps og orkunotkunar hefur staðið í um 1% af heildarraforkuvinnslu síðustu ár.

Losun úrgangs og spilliefna (GRI 306–2)

Heildarmagn úrgangs árið 2016 var tæplega 208 tonn. Þar af voru um 153 tonn sem fóru til endurvinnslu eða endurnýtingar, rúmlega 44 tonn fóru til urðunar og tæplega 11 tonn voru óvirkur úrgangur.

Magn úrgangs til endurvinnslu og förgunar, sem og magn óvirs úrgangs frá rekstri Landsvirkjunar á árunum 2012–2016



Magn spilliefna sem fellur til í starfsemi Landsvirkjunar ræðst að miklu leyti af umfangi viðhalds- verkefna á ári hverju. Árið 2016 voru tæp 21 tonn af spilliefnum send til spilliefnamóttöku og þar af féll mest til af úrgangsolú.

Aukningu í magni olíuúrgangs frá fyrra ári má að miklu leyti rekja til aflstöðvarinnar Laxár II þegar tæma þurfti olíu af spennu sem bilaði.

Magn spilliefna á árunum 2012–2016.

		LV alls 2012	LV alls 2013	LV alls 2014	LV alls 2015	LV alls 2016
Spilliefni til förgunar:	kg	2.582	3.999	7.685	7.333	4.966
– rafhlöður og rafbúnaður	kg	1.237	2.921	6.222	3.013	1.870
– önnur spilliefni	kg	1.345	1.079	1.463	4.320	3.096
Olíuúrgangur:	kg	2.750	1.828	14.976	6.355	16.029
Spilliefni alls	kg	5.332	5.827	22.660	13.688	20.995

Upplýsingagjöf til CDP

Landsvirkjun skilaði í fyrsta skipti á árinu skýrslu um kolefnislosun sína til CDP (the Carbon Disclosure Project). Með vinnslu spurningalista CDP fékk Landsvirkjun betri sýn á stöðu sína miðað við sambærileg fyrirtæki erlendis og leiðbeiningar um hvaða svið mætti styrkja.

Ábendingar CDP voru eftirfarandi:

- Frekari greiningar er þörf á því hvernig breytingar í umhverfi hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins og hvernig fyrirtækið getur innleitt stefnu í loftslagsmálum enn frekar í stjórnkerfi fyrirtækisins.
- Nánari skoðun á því hvernig umhverfismál geta verið samþætt í stefnu fyrirtækisins sem snýr að sölu- og markaðsmálum.
- Greining á því hvaða þættir loftslagsbreytinga hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins og hvaða ógnir og tækifæri þær skapa fyrir rekstur fyrirtækisins í framtíðinni.

Ofangreind atriði verða tekin til greina árið 2017 og árangur áframhaldandi vinnu verða gerð skil í næsta árlega uppgjöri til CDP.

Fólkið

Starfsmannasvið Landsvirkjunar vinnur að umbótum og umræðum í öllum starfseiningum fyrirtækisins. Á árinu 2016 var lögð áhersla á heilsueflingu, bæði í fræðslu og þjónustu. Þá var unnið að frekari þróun á frammistöðusamtölum við starfsmenn þar sem lögð var áhersla á meiri léttleika og aukna tíðni samtala.

Mannauðsstefna Landsvirkjunar

Landsvirkjun er í fararbroddi sem vinnustaður. Mannauður fyrirtækisins er lykillinn að árangri þess og velgengni. Því er sífellt kappkostað að standa vörð um þekkingu, færni og vellíðan starfsfólks.

Helstu áhersluatriði í mannauðsstefnu:

- > Við ráðum hæft og framsækið starfsfólk
- > Við tökum vel á móti nýju fólki og kveðjum starfsfólk með virðingu
- > Við sköpum jákvætt starfsumhverfi með sveigjanleika í fyrirrúmi
- > Við öflum okkur þekkingar og miðlum henni
- > Við leggjum áherslu á góða og frammistöðudrífna stjórnun
- > Við stuðlum að jafnrétti og erum fjölskylduvænt fyrirtæki



Yfirlit yfir fjölda starfsmanna Landsvirkjunar 2016 (GRI 405–1)

Iðnaðarmenn (Stöðvarverðir o.fl.)		%	Iðnaðarmenn (Stöðvarverðir o.fl.)		%
Karlar	79	100,0	Undir 30	6	7,6
Konur	0	0,0	30–50	31	39,2
Allir	79	100,0	Yfir 50	42	53,2
			Allir	79	100,0
Sérfræðingar og verkefnastjórar		%	Sérfræðingar og verkefnastjórar		%
Karlar	88	73,9	Undir 30	13	10,9
Konur	31	26,1	30–50	56	47,1
Allir	119	100,0	Yfir 50	50	42,0
			Allir	119	100,0
Framkvæmdastjórar		%	Framkvæmdastjórar		%
Karlar	7	87,5	Undir 30	0	0,0
Konur	1	12,5	30–50	4	50,0
Allir	8	100,0	Yfir 50	4	50,0
			Allir	8	100,0
Stjórnendur		%	Stjórnendur		%
Karlar	24	70,6	Undir 30	0	0,0
Konur	10	29,4	30–50	21	61,8
Allir	34	100,0	Yfir 50	13	38,2
			Allir	34	100,0
Sumarvinna / nemar		%	Sumarvinna / nemar		%
Karlar	4	36,4	Undir 30	10	90,9
Konur	7	63,6	30–50	1	9,1
Allir	11	100,0	Yfir 50	0	0,0
			Allir	11	100,0
Ýmis störf		%	Ýmis störf		%
Karlar	6	20,7	Undir 30	4	13,8
Konur	23	79,3	30–50	8	27,6
Allir	29	100,0	Yfir 50	17	58,6
			Allir	29	100,0
Sérhæfð skrifstofustörf		%	Sérhæfð skrifstofustörf		%
Karlar	0	0,0	Undir 30	0	0,0
Konur	18	100,0	30–50	4	22,2
Allir	18	100,0	Yfir 50	14	77,8
			Allir	18	100,0
Stjórn LV		%	Stjórn LV		%
Karlar	3	60,0	Undir 30	0	0,0
Konur	2	40,0	30–50	2	40,0
	5	100,0	Yfir 50	3	60,0
				5	100,0


Frammistaða í öryggismálum 2016 (GRI 403-2)

Öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnan (ÖHV-stefnan) er mikilvægur þáttur í starfsemi Landsvirkjunar. Öryggi og góður aðbúnaður starfsmanna er forgangsmál í starfsemi fyrirtækisins.

Helstu upplýsingar um öryggismál 2016 eru eftirfarandi:

- Lækkun var á fjölda slysa fastráðinna starfsmanna úr 13 í 6.
- Fjöldi fjarveruslysa stóð í stað en eitt slys á árinu (ekki alvarlegt) sem leiddi til 11 daga fjarvistar.
- Algengustu slysin í rekstrinum voru vegna falls eða klemmuslysa. Skráð slys á beinni leið til og frá vinnu voru 2, bæði í höfuðstöðvum á Háaleitisbraut. Slys á sumarstarfsmönnum voru 7 en hluti þeirra voru slys í frítíma.
- Þreföld aukning slysa varð hjá verktökum Landsvirkjunar, úr 9 árið 2015 í 27 árið 2016. Það má að hluta til rekja til aukins fjölda verktökuverkefna á árinu en það er ekki einhlít skýring. Fjöldinn deilist þannig að 11 urðu á Þeistareykjum, 6 við stækkun Búrfellsvirkjunar, 2 í Laxá (inntak), 7 í aflstöðvum og 1 í höfuðstöðvum á Háaleitisbraut. Aðgerða er þörf hér.
- H200 talan (fjöldi fjarveruslysa / 200.000 vinnustundir) er nánast óbreytt milli ára eða 0.34.

Slysaskráning

**Verkefni 2016****Heilsuefning með SideKick**

Landsvirkjun hóf samstarf við nýsköpunarfyrirtækið SideKick um heilsuefningu innan fyrirtækisins. Eflingin fer fram með notkun smáforrits sem hugar að heilbrigðu líferni með fjölþættum hætti. Virkir notendur SideKick smáforritsins létu um leið gott af sér leiða en þátttaka starfsmanna í áttakinu skilaði sér í framlagi til hjálparstarfs UNICEF.

Konur í orkumálum

Árið 2016 gerðist Landsvirkjun bakhjarl félagskvenna í orkumálum. Er það liður í starfi fyrirtækisins að stuðla að jafnrétti kynjanna í orkugeiranum. Félagið var stofnað í byrjun árs 2016 og hefur yfir 200 félagsmenn. Tilgangur félagsins er að efla þátt kvenna í orkumálum og styrkja tengsl þeirra á milli, sem og að stuðla að menntun og fræðslu kvenna er varðar orkumál. Landsvirkjun á fulltrúa í stjórn félagsins. Styrktarsamningurinn er til tveggja ára.



Miðlun þekkingar

Landsvirkjun er leiðandi á sviði rannsókna og þróunar á sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Fyrirtækið stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tæknipróun og starfar í samvinnu við háskóla, rannsóknarstofnanir og sjálfstæða sérfræðinga.

Fjölmargir starfsmenn taka þátt í miðlun þekkingar innan og utan fyrirtækisins. Starfsmenn koma að kennslu, rannsóknum og taka að sér starfsnema og taka við nemendum úr háskólum sem vilja kynna sér starfsemi fyrirtækisins, svo eitthvað sé nefnt. Á hverju ári stendur Landsvirkjun að fjölmörgum verkefnum sem snúa að þekkingargeiranum, svo sem nýsköpun, veitingu styrkja við orku- og umhverfisrannsóknir og ráðgjöf og leiðbeiningu við verkefni í háskóla-samfélaginu.

Verkefni 2016

Virkjum hugaraflíð

Sumarið 2016 stóð Landsvirkjun fyrir málstofum um ný tækifæri í orkuiðnaði, í samstarfi við KPMG, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Íslenska jarðvarmaklasann. Í málstofunum var áhersla lögð á ný tækifæri og umhverfi fyrir frumkvöðlastarf. Meðal annars var rætt um fjölnýtingu jarðhitastrauma, hvernig ferðaþjónusta og orkuvinnsla geta farið saman, um varmadælur, smáforrit og jarðhitabaðstrendur. Þátttakendur fengu upplýsingar um þá aðstoð sem frumkvöðlum stendur til boða í orkugeiranum. Athygli vakti að fundirnir voru vel sóttir af konum sem þykir fagnaðarefni í ljósi þess að karlmenn hafa hingað til látið meira að sér kveða í orkumálum. Málstofurnar voru haldnar á Blönduósi, Húsavík, Egilsstöðum og á Selfossi.

JA Iceland – Ungir frumkvöðlar

Landsvirkjun tekur virkan þátt í samtökunum Ungir frumkvöðlar eða Junior Achievement (JA) á Íslandi. JA eru alþjóðleg félagasamtök en verkefni á vegum samtakanna snerta meira en tíu milljónir nemenda á ári í 122 löndum. Á árinu 2016 útvegaði Landsvirkjun fjóra leiðbeinendur til verkefnisins en um 300 ungir frumkvöðlar frá átta íslenskum framhaldsskólum spreyttu sig á stofnun og rekstri fyrirtækja í nýsköpunarátaki samtakanna. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, er stjórnarformaður samtakanna.

Rannsóknir á áhrifum vatnsaflsvirkjana á fiskistofna

Landsvirkjun hefur í áratugi staðið að viðamiklum rannsóknum á áhrifum starfsemi vatnsaflsvirkjana á fiskistofna. Í upphafi árs 2016 var haldinn opinn fundur þar sem helstu niðurstöður rannsókna voru kynntar. Með miðlun upplýsinga vonumst við til að reynsla okkar, og þær áskoranir sem höfum staðið frammi fyrir, geti nýst við þróun nýrrar tækni á þessu sviði sem nýta má til að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum á fiskistofna í framtíðinni.

Startup Energy Reykjavík

Landsvirkjun hélt áfram vinnu sinni við Startup Energy Reykjavík (SER) verkefnið. Fimm leiðbeinendur á vegum Landsvirkjunar veittu frumkvöðlum aðstoð á árinu og var fjármagn til verkefnisins rúmlega 20 milljónir króna. Alls voru sjö frumkvöðlafyrirtæki fjármögnuð innan verkefnisins 2016 en þau má skoða á vefsíðu SER, www.startupenergyreykjavik.com.

Sjálfbærni samfélaga

Landsvirkjun leggur áherslu á gott samstarf við samfélagið. Með gagnsæjum vinnubrögðum og gagnvirkri upplýsingaflæði stuðlum við að því að samfélagið njóti góðs af starfsemi okkar.

Verkefni 2016

EIMUR

Verkefnið EIMUR var sett á laggirnar í júní 2016. Markmið EIMS er að stuðla að aukinni sjálfbærni samfélaga með fjölbreyttari nýtingu orkuauðlinda á Norðausturlandi og samspili samfélags, umhverfis, auðlinda og efnahags. Auk Landsvirkjunar standa eftirfarandi aðilar að verkefninu: Orkuveita Húsavíkur, Norðurorka, Eyþing (samtök 13 sveitarfélaga á svæðinu), Íslenski ferðaklasinn, Íslenski jarðvarmaklasinn og atvinnuþróunarfélög á svæðinu. Meðal verkefna undir EIMI er stuðningur við rannsóknir og nýting á svonefndum hliðarstráumum í orkuvinnslu, iðnaði, landbúnaði og fleiri greinum, stuðningur við rafbílavæðingu svæðisins og auðlindagarðs. Stofnfé frá stofnaðilum var um 100 milljónir króna og er verkefninu ætlað að standa í a.m.k. þrjú ár.

Samspil ferðaþjónustu og orkuvinnslu

Orkuframleiðsla á Íslandi er aðráttarafl fyrir ferðamenn. Samkvæmt könnun Gallup sem gerð var í mars til apríl 2016 voru 97% aðspurðra ferðamanna jákvæðir í garð orkuframleiðslu á Íslandi og 82% sögðust mjög jákvæðir. Í framhaldi af þessari könnun lagðist Landsvirkjun í að kanna viðhorf ferðamanna til einstakra virkjana.

Um sumarið 2016 stóð Landsvirkjun fyrir annarri könnun, sem gerð var á vegum Háskóla Íslands, á því hvernig ferðamenn upplifa svæðið í kringum Blönduvirkjun.

Meðal áhugaverða niðurstaða úr þeirri könnun var:

- 87% ferðamanna sögðust ekki hafa tekið eftir virkjuninni og tengdum mannvirkjum.
- 92% ferðamanna telja ósnortin viðerni hluta af aðráttarafli svæðisins, þó þar megi sjá ýmis virkunar-mannvirki.
- 89% telja svæðið í kringum Blönduvirkjun náttúrulegt en um 7% telja það manngert.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að ef vel er staðið að hönnun geta virkjanir og ferðamennska farið vel saman.



Sjálfbærniverkefni á Norðrausturlandi – Þeistareykjavirkjun

Sjálfbærniverkefnið á Norðausturlandi var endurvakið árið 2015 í samvinnu við sveitarfélögin á svæðinu og aðra hagsmunaaðila.

Svæðið sem fellur undir verkefnið nær frá Vaðlaheiði í vestri að Jökulsá á Fjöllum í austri. Það svæði mun líklegast verða fyrir einna mestum áhrifum vegna uppbyggingar Þeistareykjavirkjunar, iðnaðarframkvæmda á Bakka sem og auknum umsvifum í ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum.

Opið hús var haldið við Þeistareykjavirkjun 3. júlí 2016 svo að almenningur gæti komið og fræðst um virkjunarframkvæmdir og áætlaða starfsemi. Hátt í 300 manns komu að skoða virkjunina. Mikil áhersla hefur verið lögð á góð samskipti við heimamenn og hafa verið haldnir fjölmargir fundir til að auka samráð og upplýsingagjöf.

Úthlutun úr samfélagssjóði 2016

Á árinu 2016 var þrisvar sinnum úthlutað úr samfélagssjóði Landsvirkjunar. Heildarupphæð nam 5.780.000 kr.

Meðal styrkþega voru eftirfarandi stofnanir og verkefni:

- > Rauði krossinn á Íslandi: Jóláaðstoð (1.000.000 kr.)
- > Íshökkísamband Íslands – Barna og unglingastarf, forvarnir og jafnrétti (500.000 kr.)
- > Barnaheill – Vináttuverkefni Barnaheilla, grunnskólaefni (250.000 kr.)
- > Heimili og skóli, landssamtök foreldra – Einelti, góð ráð til foreldra (250.000 kr.)

Heildaryfirlit yfir alla styrki 2016 má finna á vefsíðu Landsvirkjunar.

Móttaka fyrir hælisleitendur

Um miðjan desember bauð Landsvirkjun börnum hælisleitenda og foreldrum þeirra í móttöku í höfuðstöðvum Landsvirkjunar. Móttakan var haldin í samstarfi við Rauða Kross Íslands. Meðal skemmtana fyrir börnin var töframaður og föndur. Börnin voru að lokum leyst út með gjöfum. Hópur starfsmanna Landsvirkjunar hjálpaði til við móttökuna í sjálfböðavinnu.



Áherslur 2017

Markmið og framvinda í málaflokkum samfélagsábyrgðar Landsvirkjunar fyrir árið 2017 eru aðgengileg á vefsíðu okkar, Landsvirkjun.is. Framundan er vinna við að samræma enn frekar stefnu um samfélagsábyrgð að almennri stefnu fyrirtækisins. Hluti af þeirri vinnu verður áframhaldandi styrking samskipta við hagsmunaaðila okkar.

Á árinu 2017 mun Landsvirkjun leggja áherslu á þrjú af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (sjá á bls. 12) en þau varða loftslagsmál, sjálfbæra orkuvinnslu og jafnréttismál. Vinna að markmiðunum mun taka mið af núverandi áherslum og markmiðum Landsvirkjunar í málaflokkunum sem og stefnu og áherslum stjórnvalda á Íslandi.



Yfirlit yfir viðmið UN Global Compact og GRI sjálfbærnivísa

Viðmið UN Global Compact	GRI vísar	Viðeigandi efni skýrslunnar
1. Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.		Kafla um samfélagsábyrgð Landsvirkjunar (sjá siðareglur og siðareglur birgja og þjónustuaðila).
2. Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.		Kafla um samfélagsábyrgð Landsvirkjunar (sjá siðareglur og siðareglur birgja og þjónustuaðila). Kafla um virðiskenningu (sjá reglur um keðjuábyrgð).
3. Fyrirtæki styðja við félagaþreifi og virðiskenningu í raun rétt til kjarasamninga.		Kafla um samfélagsábyrgð Landsvirkjunar (sjá siðareglur og siðareglur birgja og þjónustuaðila). Kafla um virðiskenningu (sjá reglur um keðjuábyrgð).
4. Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinna.		Kafla um samfélagsábyrgð Landsvirkjunar (sjá siðareglur og siðareglur birgja og þjónustuaðila). Kafla um virðiskenningu (sjá reglur um keðjuábyrgð).
5. Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.		Kafla um samfélagsábyrgð Landsvirkjunar (sjá siðareglur og siðareglur birgja og þjónustuaðila). Kafla um virðiskenningu (sjá reglur um keðjuábyrgð).
6. Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.	GRI 405-1	Kafla um fólkið.
7. Fyrirtæki styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum.	GRI 302-1, 305-1,2, GRI 305-5, GRI 306-2.	Kafla um loftslagsbreytingar og umhverfisáhrif.
8. Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.	GRI 302-1, 305-1,2, GRI 305-5, GRI 306-2.	Kafla um loftslagsbreytingar og umhverfisáhrif.
9. Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfissvænni tækni.	GRI 305-5	
10. Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.		Kafla um virðiskenningu (sjá einnig siðareglur Landsvirkjunar og siðareglur birgja og þjónustuaðila).
Annað efni		
Yfirlit yfir starfsmenn (stöður, kyn, aldursbil).	GRI 405-1	Kafla um fólkið.
Heilsu- og öryggismál starfsmanna.	GRI 403-2	Kafla um fólkið.





Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68

103 Reykjavík

Sími: 515 9000

landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is

Mars 2017